

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 28. mars 2019 í máli nr. S-86/2019:

Ákærvaldið

(*Baldvin Einarsson saksóknarfulltrúi*)

gegn

Stefáni Árnasyni

(*Björn Þorri Viktorsson lögmaður*)

I

Mál þetta, sem dómtekið var 18. mars síðastliðinn en endurupptekið og dómtekið að nýju í dag, var höfðað með ákæru lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, útgefni 12. febrúar síðastliðinn, á hendur Stefáni Árnasyni, kt. 000000-0000, [...], Reykjavík, „fyrir eftirtalin hegningarlagaþrot:

1. Líkamsárás og hótanir með því að hafa, laugardaginn 17. september 2016, í matvöruversluninni [...] við [...] í Reykjavík, veist með ofbeldi að A, kt. 000000-0000, sem var við störf sem öryggisvörður verslunarinnar, tekið hann hálstaki og þrengt að öndunarvegi, slegið hann með olnboga í höfuð og líkama sem og ýtt í síðu hans og valdið því að hann féll á handrið, auk þess sem hann hótaði A lífláti, allt með þeim afleiðingum að A hlaut rifþrot á 10. rífi hægra megin og 8. rífi vinstra megin, mar á brjóstkassa, mar og yfirborðsáverka á höfði og tognun á hálsi. Þá voru líflátshótanirnar til þess fallnar að vekja hjá A ótta um líf sitt, heilbrigði og velferð.

Telst þetta varða við 1. mgr. 218. gr. og 233. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

2. Hatursorðræðu með því að hafa á sama tíma og greinir í 1. tl. ákæru, sagt við A, kt. 000000-0000, að hann væri „*helvítis arabi og múslimi*“ og „*helvítis múslimi*“, en þau orð fólu í sér ógnun, háð, rógburð og smánun á opinberum vettvangi í garð A vegna þjóðernis hans, litarháttar, kynþáttar og trúar.

Telst þrot þetta varða við 233. gr. a almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Brotapoli, A, krefst miskabóta að fjárhæð 1.500.000 krónur ásamt vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá 17. september 2016 þar til 30 dagar eru liðnir frá birtingu kröfunnar, en síðan með dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags. Krafist er málskostnaðar.

Ákærði neitar sök og krefst sýknu. Hann krefst frávísunar bótakröfunnar og að sakarkostnaður, þar með talin málsvarnarlaun, verði greiddur úr ríkissjóði.

II

Málavextir eru þeir að lögreglan var kvödd að framangreindri verslun á þeim tíma sem í ákæru greinir. Á vettvangi hittu lögreglumenn brotþola og vinnufélaga hans. Þeir kváðu ákærða hafa komið í verslunina og strax byrjað að rífast við þá og meðal annars sagt „why are you looking at me muslim“ eða eitthvað í þá áttina. Ákærði hefði því næst slegið í öxl brotþola og kýlt hann.

Ákærði tjáði lögreglumönnum að honum hefði nokkrum dögum fyrr verið meinaður aðgangur að versluninni. Nú hefðu starfsmenn verið með stæla við sig sem hefðu endað með átökum sem þeir hefðu átt upptökin að.

Brotapoli fór á slysadeild og í vottorði þaðan er haft eftir honum að maður hafi ráðist á hann með „fúkyrðum og kallað hann niðrandi nöfnum tengdum trúarbrögðum. Ráðist á hann í framhaldinu. Tók hann kverkataki og herti að ýtti honum upp að einhverri brún og mun einnig samkvæmt lýsingu hafa sparkað í brjóstkassann á honum.“ Í vottorðinu kemur fram að rætt hafi verið við brotþola á ensku. „Hann var með eymsli yfir vinstra eyra, vægur roði og bjúgur í eyranu en ekki að sjá neitt augljóst mar en mögulega áverkar eftir eitthvað högg. Eymsli yfir kjálkaboganum og fram á kinnbeinið sömu megin, einnig eymsli á neðra augnloki. Þó engir verulegir sjáanlegir áverkar, mar, bólga eða annað slíkt. Enginn grunur um brot við skoðun.“ Tekin var röntgenmynd af lungum og brjóstkassa. Hvorki sáust brot á rifjum né innri áverkar á lungum. Brotapoli kom aftur á slysadeild tíu dögum síðar og var þá slæmur af verkjum í brjóstkassa. Við skoðun var hann mjög aumur utanvert yfir 8. rífi. Hann var þannig með einkenni sem bentu til rifbrots. Loks segir í vottorðinu: Miðað við viðvarandi slæma verki 10 dögum eftir áverka verður að teljast mjög líklegt að um hafi verið að ræða brot á rífi þrátt fyrir að ekkert hafi sést á lungnamynd og eins og áður er getið er mjög erfitt að greina slíkt á venjulegum röntgenmyndum.“

III

Ákærði kvaðst hafa komið í verslunina á þeim tíma sem um ræðir. Þar hefði hann átt orðaskipti við brotþola en á þann hátt sem í ákæru greinir. Hann kvað ákærða og féлага hans hafa staðið í anddyri verslunarinnar þegar hann kom og hefðu þeir meinað honum inngöngu. Hann kvaðst hafa spurt af hverju og hefðu þeir rætt um það. Kvaðst ákærði hafa spurt eftir verslunarstjóranum og hefðu þeir þá sagt að félagi ákærða væri hann. Ákærði kvaðst þá hafa klappað brotþola á öxlina og sagt að hann myndi kvarta undan þessu. Hann kvaðst svo hafa snúið sér við til að ganga út úr versluninni en í því hefði brotþoli kýlt í áttina til hans. Ákærði kvað brotþola hafa sagt að hann hefði verið að stugga við brotþola þegar hann klappaði honum og féлага hans á öxlina. Ákærði kvaðst aftur hafa klappað brotþola á öxlina og hefði hann þá slegið á hendurnar á sér. Í framhaldinu hefði komið til átaka þegar ákærði hafði snúið sér við og var að ganga í burtu. Ákærði kvað brotþola hafa slegið til sín hnefahögg á vangann. Hann kvaðst hafa beðið um að hringt yrði á lögreglu en þá hefðu hafist ryskingar milli ákærða og brotþola eða hnoð, eins og hann orðaði það. Síðan hefði lögreglan komið. Ákærði neitaði eindregið að hafa viðhaft þau ummæli sem ákært er fyrir í 2. lið ákæru. Ákærði kvað sig og brotþola hafa ræðst við á ensku. Ákæruefni í 1. lið ákæru voru borin undir ákærða og neitaði hann öllum atlöögum að brotþola en kvaðst hafa haldið honum á tímabili en það hefði ekki verið fullkomið hálstak, eins og hann orðaði það. Um hafi verið að ræða átök milli þeirra og hefði brotþoli einnig tekið hann tökum. Þá neitaði ákærði að hafa hótað brotþola lífláti.

Brotþoli kvaðst hafa verið öryggisvörður í versluninni á þessum tíma. Ákærði hefði komið fyrr um kvöldið og hefði komið til orðaskipta milli þeirra. Hann hefði svo komið aftur um tveim tímum síðar. Þá kvaðst brotþoli hafa verið við útihurðina. Ákærði hefði komið beint til hans og spurt „af hverju ertu að horfa á mig mother fucker?“ og bætt einhverju við. Brotþoli kvaðst hafa svarað að hann væri að vinna og hann ætti að horfa á fólk sem kæmi inn. Ákærði hefði reiðst þessu og farið að blóta honum og einnig sagðist hann ætla að sjá til þess að þeir Arabar sem væru að vinna þarna yrðu reknir. Brotþoli kvaðst ekki hafa svarað þessu en ákærði hefði þá ýtt í öxlina á honum. Brotþoli kvaðst hafa sagt við ákærða að koma ekki við sig og þá hefði hann ráðist á sig. Brotþoli kvað ákærða hafa tekið sig hálstaki. Hann hefði reynt að losa sig en ákærði hefði haldið sér og svo ýtt sér á grindverk úr málmi sem hafi brotnað. Ákærði hefði reynt að losa stykki úr grindverkinu og sagt að hann ætlaði að drepa brotþola. Þá kvað hann ákærða hafa slegið sig með olnboga í brjóstkassann. Einnig kvaðst hann hafa fengið högg bak við eyrað en mundi ekki hvernig það gerðist. Brotþoli kvað ákærða hafa þrengt að

öndunarvegi hans. Þá lýsti brotapolí því að hann hefði rifbrotnað og fyndi enn til. Þá kvað brotapolí ákærða hafa sagt að „þið Arabar eigið ekki að vera hér og eigið að fara heim til ykkar“ og þú ert „múslími fokker“. Hann kvað sig og ákærða hafa ræðst við á ensku og hefðu ummælin verið sögð á því máli. Brotapolí kvaðst skilja mjög litla íslensku. Ummælin, sem ákært er fyrir í 2. lið ákæru, voru lesin fyrir brotapóla og kvað hann ákærða hafa talað við sig á ensku.

Vinnufélagi brotapóla bar að hafa verið með honum í umrætt sinn. Hann kvað ákærða hafa komið inn í verslunina og hefði brotapolí litið á hann, eins og honum bar að gera í starfi sínu. Þá hefði ákærði bölvað brotapóla og móður hans og spurt „af hverju ertu að horfa á mig?“. Brotapolí hefði sagt við ákærða að hann ætti ekki að tala svona við sig, það væri starfi hans að horfa á viðskiptavini. Ákærði hefði sagt nei og haldið áfram að bölvva brotapóla á ensku. Brotapolí hefði ætlað að fara en þá hefði ákærði komið nær honum og ýtt við honum. Ákærði hefði sett hönd sína á brotapóla sem hefði sagt honum að koma ekki við sig. Þá hefði ákærði farið að lemja brotapóla. Þá hefði ákærði ráðist á brotapóla og ýtt honum á grindverk. Brotapolí hefði fallið en ákærði hefði reynt að losa járn úr grindverkinu og sagt við brotapóla „ég ætla að drepa þig“. Allan tímann hafi ákærði verið að bölvva Aröbum og sagt brotapóla að fara heim til sín. Ákærði hefði sagt við brotapóla „helvítis Arabi“ á íslensku og „farið þið heim“. Þá kvað félaginn ákærða bara hafa talað um Araba en ekki múslíma. Félaginn kvað ákærða hafa tekið brotapóla hálstaki.

Afgreiðslustúlka í versluninni var að vinna á umræddum tíma. Hún kvaðst hafa verið á kassa og hafa séð átök Íslendinga og brotapóla. Þeir hefðu fallið í gólfíð og brotapolí á undan. Annað kvaðst hún ekki hafa séð og engin orðaskipti heyrt. Hún kvaðst ekki hafa séð áverka á brotapóla.

Lögreglumaður, sem ritaði frumskýrslu málsins, staðfesti hana. Hún kvað að tilkynnt hefði verið um slagsmál en allt hefði verið orðið rólegt þegar lögreglumenn komu á vettvang. Hún kvað féлага brotapóla hafa skýrt frá því að ákærði hefði ráðist á brotapóla og viðhaft óviðeigandi ummæli um hann. Annar lögreglumaður sem kom á vettvang gat lítið borið um málsatvik. Hann kvað þó handrið hafa verið beyglað og vörur verið á gólfi og hafi þetta átt að vera afleiðingar átaka á vettvangi. Þá hefði ákærði átt að hafa hreytt hatursorðum í brotapóla.

Læknir, sem ritar framangreint vottorð, staðfesti það. Hann kvað brotapóla hafa verið mjög auman við skoðun. Tekin var röntgenmynd sem í sjálfu sér sýndi ekki brot á rifjum en myndatökur af lungum útiloka ekki brot þar sem erfitt er að sjá sprungu í rífi. Einkennin séu þau að fólk sé mjög aumt. Brotapolí hafi enn verið aumur tíu dögum seinna og þess vegna hafi hann verið greindur með rifbrot. Rifbrot hafi hins vegar ekki verið staðfest með röntgenmynd en brotapolí hafi verið marinn. Klínísk greining hafi hins vegar verið rifbrot. Læknirinn gat ekki staðfest

með fullri vissu að rif hafi verið brotið í brotaþola.

IV

Meðal gagna málsins er myndband úr öryggismyndavél verslunarinnar sem sýnir viðskipti ákærða og brotaþola í umrætt sinn. Í upphafi standa þeir hvor á móti öðrum og virðast vera að ræða saman en ekki er hljóð á myndinni. Ákærði snýr baki í myndavélina. Vinnufélagi brotaþola stendur á lengdar. Ákærði sést slá á öxl brotaþola sem bandar honum frá sér og slær þá ákærði eða klappar á öxl vinnufélagans. Ákærði bakkar nú smávegis og fylgir brotaþoli á eftir. Ákærði slær aftur í öxl brotaþola sem tekur báðum höndum í upprétta handleggi ákærða sem hopar undan. Þeir halda um hendur hvors annars og ýtir brotaþoli ákærða á undan sér þar til ákærði tekur brotaþola hálstaki og beygir hann niður og utan í handrið sem afmarkar kerrur sem standa þar í röð. Stimpast þeir smástund og hefur ákærði brotaþola í hálstaki en þeir hverfa svo úr mynd. Þegar þeir koma aftur í mynd stendur brotaþoli fyrir aftan ákærða og er með hann í hálstaki. Endar þetta með því að brotaþoli leggur ákærða í gólfíð. Þeir stimpast og grípur brotaþoli í handriðið og losnar við það stöng úr málmi sem sveiflast til. Ákærði nær nú yfirhöndinni og hefur brotaþola undir og eins og ýtir honum undir handriðið í áttina að kerrunum. Brotaþola tekst að rísa á fætur en ákærði grípur um háls hans aftanverðan, heldur honum og beygir hann yfir á kerrurnar. Ákærði sleppir svo brotaþola sem heldur með hægri hönd um vinstri hönd ákærða. Þeir virðast ræðast við en ganga svo á brott og úr mynd.

Af hálfu ákærða var lagður fram kubbur með mynd sem sýnir ákærða ræða við vinnufélaga brotaþola, sem stendur þar hjá. Því myndskeiði lýkur með því að lögreglumenn koma í verslunina. Ekki verður séð að þetta myndskeið hafi þýðingu fyrir úrlausn málsins.

Ákærða, sem neitar sök, er í fyrri ákærulið gefið að sök að hafa tekið brotaþola hálstaki og þrengt að öndunarvegi hans. Þetta sést á myndbandinu og eins hafa brotaþoli og vinnufélagi hans borið um þetta. Með þessum gögnum er sannað að ákærði tók brotaþola hálstaki og þrengdi að öndunarvegi hans. Þá er ákærða gefið að sök að hafa slegið brotaþola með olnboga í höfuð og líkama. Brotaþoli er einn um að bera um þetta, en það sést ekki svo greinilega á myndbandinu að á því verði byggt og verður ákærði því sýknaður hvað þetta varðar. Loks er ákærða gefið að sök að hafa ýtt í síðu brotaþola og valdið því að hann féll á handrið. Hér að framan var lýst átökum þeirra og hvernig ákærði ýtir brotaþola utan í handrið og á kerrurnar. Samkvæmt þessu er sannað að ákærði ýtti í síðu brotaþola og að ákærði var valdur að því að brotaþoli féll á handriðið.

Lýsing á áverkum brotaþola í ákæru er byggð á áverkavottorði. Hér að framan var rakinn framburður læknis sem skoðaði brotaþola og ritar vottorðið. Eins og þar kemur fram gat læknirinn ekki staðfest að brotaþoli hefði rifbrotnað. Ákærði verður því sýknaður af því að hafa brotið rif í brotaþola en sakfelldur fyrir að valda honum öðrum áverkum sem vel geta komið heim og saman við átök þeirra sem ákærði átti upptökin að, eins og lýst var. Samkvæmt þessu varðar brot ákærða við 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga en ekki 1. mgr. 218. gr. eins og hann er ákærður fyrir.

Þá er ákærða gefið að sök að hafa hótad brotaþola lífláti en þessu neitar ákærði. Brotaþoli og félagi hans bera báðir að ákærði hafi hótad brotaþola lífláti og er það því sannað gegn neitun ákærða. Brot hans er rétt fært til refsíákvæðis í ákærinni.

Í síðari ákærulið er ákærða gefið að sök að hafa viðhaft ummæli þau sem í ákæruliðnum greinir. Bæði fyrir dómi og eins við lögreglurannsókn kom fram að ákærði og brotaþoli ræddust við á ensku. Ummæli þau, er ákærði á að hafa látið falla í garð brotaþola, voru því sögð á ensku en í ákæru er honum gefið að sök að hafa viðhaft ummælin á íslensku. Samkvæmt þessu er ljóst að ákærði lét ekki ummæli þau falla sem í ákæruliðnum greinir og verður hann því sýknaður af því sem hann er sakaður um í síðari ákæruliðnum.

Ákærða hefur ekki áður verið refsað. Refsing hans er hæfilega ákveðin 30 daga fangelsi sem bundin skal skilorði eins og í dómsorði segir.

Miskabætur til brotaþola eru hæfilega ákveðnar 200.000 krónur sem bera skulu vexti eins og í dómsorði greinir. Það athugast að ákærða var birt bótakrafan 30. maí 2017 og miðast upphaf dráttarvaxta við þann dag er liðnir voru 30 dagar frá birtingunni. Þá verður ákærði dæmdur til að greiða brotaþola málskostnað, eins og í dómsorði greinir.

Í ljósi framangreindra málsúrslita verður ákærði dæmdur til að greiða sakarkostnað og málsvarnarlaun að hálfu en að hálfu skulu þessi gjöld greidd úr ríkissjóði. Málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða eru ákvörðuð að meðtöldum virðisaukaskatti í dómsorði.

Arngrímur Ísberg héraðsdómari kveður upp dóminn.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Stefán Árnason, sæti fangelsi í 30 daga, en fresta skal fullnustu refsingarinnar og falli hún niður að liðnum tveim árum frá deginum í dag að telja, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði greiði A 200.000 krónur með vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 frá 17. september 2016 til 30. júlí 2017, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags og 150.000 krónur í

málkostnað.

Ákærði greiði 116.559 krónur í sakarkostnað og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Björns Þorra Viktorssonar lögmanns, 590.240 krónur að hálfu en að hálfu skulu þau greidd úr ríkissjóði.

Arngrímur Ísberg